



# Grænfáninn

19. október 2009

Annar fundur umhverfisnefndar á skólaárinu 2009-2010. Mætt voru: Svanborg, Didda, Sif, Kata, Margrét, Elís og Elmar. Forföll þó nokkur hjá nemendum í dag.

Farið var yfir starf nemenda í nefndinni. Rætt um að þeir séu fulltrúar sinna bekkja og þurfi að fylgjast með hvernig gengur inni í hverri stofu. Einnig þurfa þau að kynna það sem er í gangi hverju sinni.

Markmiðin frá fyrra ári kynnt fyrir nemendum og hver staða þeirra er.

Markmið nr. 2 (að stuðla að snyrtilegri umgengni á útifötum og töskum) rætt sérstaklega þar sem nú á að gera átak í því. Ákveðið að senda póst um það efni á starfsfólk og kennara. Allt á að hengja upp á snagana, jafnt útiföt sem sund- og íþróttatöskur. Eftir að nemendur eru komnir til stofu sendir kennari nemanda til að yfirfara fatahengi bekkjarins og kanna hvort umgengnin sé í lagi.

Flokkun í ágætu standi en vegna forfalla var ekki hægt að fá heildaryfirlit yfir stöðuna. Ákveðið að senda einnig póst um það efni til starfsfólks og kennara og rifja upp hvernig við flokkum.

Fundi slitið 14:00  
Svanborg